

2. tbl. 23. árgangur • mars 2012

# Fréttabréf

*stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum*



## Forsíðumynd



Forsíðumyndin er af Sveini Rúnari Arasyni göngugarpi og félagsmenni í Starfsmannafélagi Húsavíkur. Myndin er tekin á Skálavíkurhnjúk í Víknafjöllum 27. júlí og sést vel yfir Skjálafandann til Húsavíkur. Pennan dag mældist hitinn á Húsavík 24,7 gráður sem var hitamet á Íslandi 2012. Björgvin Þór Björgvinsson tók myndina.

## Viltu þú komast á aðalfund Stapa?

Aðalfundur Stapa verður haldinn á Egilsstöðum 8. maí. Framsýn á rétt á 11 fulltrúum. Hér með er skorað á áhugasama sjóðsfélaga sem jafnframt eru félagsmenn í Framsýn að gefa kost á sér á fundinn. Áhugasamir hafi samband sem fyrst við formann Framsýnar. Þá verður fulltrúi Framsýnar í stjórn sjóðsins tilnefndur á aðalfundi félagsins sem fram fer í lok apríl, enda bjóðist Framsýn að tilnefna í stjórn Stapa í maí.

## Brjáláð að gera á Þórshöfn

Það hefur verið mikið líf á Þórshöfn í vetur enda hafa veiðar á uppsjávarfiski gengið mjög vel. Mikil vinna hefur því verið hjá Ísfélaginu sem er með öflugan atvinnustarfsemi á staðnum. Jafnframt hefur mikið verið að gera hjá þjónustufyrirtækjum tengdum sjávarútvegi og vinnslu á Þórshöfn. Þá eru hafnar framkvæmdir við 900 fm. viðbyggingu við húsnæði Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn. Þar verður m.a. afkastamikill lausfrystir og rými fyrir umbúðir. Sem sagt, það er bullandi uppgangur á Þórshöfn.



Það hefur verið brjáláð að gera á Þórshöfn undanfarið. Þessi mynd var tekin á dögunum þegar hrognavinnsla var í fullum gangi hjá Ísfélagi Vestmannaeyja á Þórshöfn.

## Frábærar móttökur

Fulltrúar úr stjórn og trúnaðarmannaráði Framsýnar fóru nýlega í heimsókn til Félags Málmíðnarmanna á Akureyri, Sjómannafélags Eyjafjarðar og Félags Verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri. Móttökurnar voru hreint út sagt frábærar. Félögin á Akureyri sameinuðu nýlega skrifstofuhald félaganna. Búið er að taka skrifstofu- og félagsaðstöðu stéttarfélaganna í gegn og er hún orðið öll hin glæsilegasta. Eftir heimsóknina til stéttarfélaganna fóru Framsýnarfélagarnir í Menningarhúsið Hof á leikverkið „Nei ráðherra“ áður en haldið var heim á leið.



Þeir voru hressir, gestgjafarnir frá stéttarfélagunum við Eyjafjörð. Hér eru þeir Hákon og Jóhann frá Félagi málmíðnarmanna, Konráð frá Sjómannafélagi Eyjafjarðar og Eður frá Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri.

## Starfsréttindi til umræðu

Á síðasta fundi Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum var samþykkt að beina þeim tilmælum til iðnaðarmanna að þeir virði starfsréttindi hverra iðngreina fyrir sig. Þá var samþykkt að félagið beiti sér jafnframt fyrir því að ófaglærðir menn séu ekki að taka að sér verkefni s.s. málun húsa og viðgerðir á bílum gegn greiðslu enda sé um að ræða löngverndu starfsréttindi. Skrifstofa stéttarfélaganna hefur fengið kvartanir frá iðnaðarmönnum sem telja að brotið sé á þeirra starfsréttindum, jafnvel með svartri atvinnustarfsemi. Skrifstofa stéttarfélaganna hefur ákveðið að herða eftirlitið með þessari atvinnustarfsemi í samvinnu við skattayfirvöld.



Iðnaðarmenn eru óánægðir með að ófaglærðir starfsmenn séu að taka að sér verkefni gegn greiðslu er falla undir starfsréttindi iðnaðarmanna s.s. bílaviðgerðir.



Tveir jaxlar sem lengi hafa verið góðir talsmenn sjómanna halda hér á fallgum bikar sem er á skrifstofu Konráðs. Þetta eru þeir Jakob Gunnar Hjaltalin formaður Sjómannadeildar Framsýnar og Konráð Allredsson formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar.



# Staða Stapa er þokkalega sterk

Staða Stapa er þokkalega sterk, svo mælti Kári Arnór Kárason framkvæmdastjóri Stapa, lífeyrissjóðs á fjölmönnum fundi á Húsavík um lífeyrismál. Stjórn Stapa lífeyrissjóðs hefur samþykkt að boða til nokkurra sjóðfélaga fundi í samstarfi við stéttarfélagin á næstu dögum. Tilfni fundanna er nýleg skýrsla um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008. Fyrsti fundurinn var haldinn á Húsavík 29. febrúar. Salur Framsýnar var þéttsetinn, þannig að greinilegt er að staðan er ofarlega í hugum margra.

„Okkur finnst skýrslan ekki gefa rétta mynd af því hvernig lífeyrissjóðirnir komu út úr hruninu, of mikil áhersla sé lögð á hvað fór aflaga. Að sjálfsgöðu er eðlilegt að ræða þau atriði, en okkur finnst skýrsluhöfundar ekki draga fram hvað vel og rétt var gert. Lífeyrissjóðirnir urðu vissulega fyrir miklu höggi í kjölfar bankahrunsins, þar með talinn Stapi,“ segir Kári Arnór Kárason framkvæmdastjóri Stapa. Hann segir að lesa megi út úr skýrslunni að lífeyrissjóðirnir séu nánast horfnir, sem sé fjarri lagi.

„Við höfum ekki náð að ávaxta sjóðinn nógu vel til að standa að fullu undir lífeyrisréttindum, sem eru verðtryggð auk 3,5% vaxta. Samt sem áður bendi ég á að lífeyrisgreiðslur hafa hækkað meira en laun flestra launþega. Lífeyrir hefur hækkað um 28% frá hruni. Staða Stapa er þokkalega sterk og ég er bjartsýnn á að við séum langt komin með að jafna okkur eftir hrunið. Framtíðin er hins vegar óljós og verður alltaf.“

Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar segir að fundurinn hafi verið gagnlegur.



Fjölmenni var á fundi sem Framsýn og Stapi stóðu að um stöðu lífeyrissjóðsins.

„Staðan var skýrð út á mannamáli og hinum almenna sjóðsfélaga gafst kostur á að tala milliliðalaust við stjórnendur sjóðsins og segja sína skoðun. Að mínu viti hefur umræðan um lífeyrissjóðina verið á margan hátt ósanngjörn, hitt er svo annað mál ýmislegt má bæta í kerfi íslenskra lífeyrissjóða og mér sýnist að sjóðirnir séu í gagngerrri naflaskoðun.“

Aðalsteinn segir að fyrir hrun hafi útrásarvíkingarnir haldið úti svikamyllu í fjármálakerfinu.

„Leikrit voru sett á svið og markaðurinn blektur fram og til baka. Lífeyrissjóðirnir bitu á agnið eins og aðrir fjárfestar, vissu ekki annað en að þeir væru að gera rétt. Það er auðvelt að gagnrýna þessa hluti í dag, en fyrst og fremst þurfum við að læra af því sem aflaga fór í samfélaginu og byggja okkur upp á nýjan leik.“

## Hvað með sameiningu lífeyrissjóða?

„Já, ég sé fyrir mér sameiningu lífeyrissjóða í framtíðinni. Þeir eru í dag rúmlega þrjátíu, ég hef nefnt að hugsanlega mætti fækka þeim niður í einn tug eða svo. Þá er sömuleiðis brýnt að jafna réttindi fólks, munurinn í dag er allt of mikill.“

Á fundinum urðu mjög líflegar umræður um stöðu Stapa, starfsemi sjóðsins og framtíðar fyrirkomulag varðandi stjórnun sjóðsins. Hópur fundarmanna tók til máls og spurði forvarsmenn út í málín enda liggja þau þungt á sjóðsfélögum. Fundarmenn voru almennt ánægðir með fundinn og þær upplýsingar sem fram komu um starfsemi sjóðsins.



Svavar C. Kristmundsson og Sævar Guðbrandsson sem þekktir eru fyrir starfar skoðanir á hlutunum ræða hér við Kára Arnór eftir fundinn sem stóð yfir vel á þriðja tíma.

## Gestur Búnaðarþings

Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson var gestur við setningu Búnaðarþings sem fram fór á Hótel Sögu í lok febrúar. Hann var einnig beðinn um að taka þátt í vinnu starfshóps á þinginu um kjaramál landbúnaðarverkamanna í sveitum. Þing bændasamtakanna stóð yfir í nokkra daga. Formaður samtakana er Haraldur Benediktsson.



Hugsanlega eru hér á ferð ungir og efnilegir bændur, hver veit.

## Skrifstofustarf í boði

**Stéttarfélagin auglýsa eftir starfsmanni á skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Vinnutími 09:00 til 16:00.**

Starfslýsing: Almenn skrifstofustörf. Hæfniskröfur: Góð mannleg samskipti og áhugi fyrir verkalyðsmálum.

**Umsóknarfrestur er til 23. mars nk.** Umsóknum skal skila skriflega á Skrifstofu stéttarféлага eða með rafrænum hætti

á netfangið [www.kuti@framsyn.is](mailto:www.kuti@framsyn.is).

Fyrri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Frekari upplýsingar gefur Aðalsteinn Á. Baldursson forstöðumaður skrifstofunnar.



Framsýn  
Þingíðn  
STH

FRAMSÝN



STARFSMANNAFÉLAG  
HÚSAVÍKUR

# Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

## -fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

### Samstarf félaganna – fjölbreyttir möguleikar

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum; Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum sínum upp á sameiginlega orlofskosti í sumar eins og undanfarin ár.

Félagsmönnum bjóðast orlofshús, íbúðir, gistiávisanir á Gistihúsi Keflavíkur og Hótel Keflavík, Foss- og Edduhótelum, gisting á farfuglaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum og vegna kaupa á útilegukortum.

Hótel Keflavík, Gistihús Keflavíkur, Fosshótel Barón í Reykjavík, Fosshótel Lind í Reykjavík og nokkur Farfuglaheimili eru opin allt árið og gildir afsláttur til félagsmanna þar einnig yfir vetrarmánuðina.

Ekkert puntakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum. Leitast er við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutað orlofshúsi.

**Umsóknarfrestur er til 10. apríl**

### Orlofshús og -íbúðir

Líkt og undanfarin ár bjóða félagin upp á orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 20.000 á viku í sumar. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

#### Orlofsíbúðir Freyjugötu Reykjavík



Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum sínum upp á gistingu í 3 orlofsíbúðum við Freyjugötu í Reykjavík. Íbúðirnar eru vel staðsettar í göngufæri frá miðbæ Reykjavíkur og Landsspítalanum.

Á 1. hæð er íbúð með tveim svefnherbergjum. Svefnherbergi með hjónarúmi og barnaherbergi með koju. Auk þess eru tvær aukadýnur í íbúðinni.

Á 2. hæð er íbúð með eitt svefnherbergi með hjónarúmi. Í stofu er tvíbreiður svefnsofi og tvær aukadýnur.

Á 3. hæð er stúdíóíbúð, þannig að eldhús, stofa og svefnaðstaða er í sama rýminu. Í íbúðinni er hjónarúm, einstaklingsrúm og tvær aukadýnur. Hægt verður að fá íbúðirnar leigðar til 1. júlí 2012.

#### Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsofi er í stofu og tvær aukadýnur.

Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina. Hægt verður að fá íbúðina í Asparfellinu leigða til 1. júlí 2012.

#### Flókalundur - Barðaströnd NÝTT



Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsýjarmanni.

#### Bjarkarsel - Flúðum NÝTT



Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór

sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikil er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

#### Orlofshús Kjarnaskógi



Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m2 orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

#### Orlofshús Illugastöðum



Í boði er 48 m2 orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar.

Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsofi. Við húsið er góð verönd með heitum potti.

Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug.

#### Orlofshús Öxarfirði



Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félagin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 1. júní til 31. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

#### Orlofshús Eiðum-MIKIÐ ENDURBÆTT



Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m2 orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.



## Orlofshús Djúpavogi



Líkt og síðasta sumar bjóða stéttarfélagin upp á orlofskost á Djúpavogi. Um er að ræða íbúð á efri hæð í gamla Pósthúsinu sem staðsett er í miðju þorpinu. Þaðan er stutt í alla þjónustu en mikill ferðamannastraumur er um Djúpavog yfir sumarið. Í húsinu er 4 svefnherbergi með svefnpláss fyrir 7. Auk þess er góð stofa, eldhús og þvottahús í húsinu.

Húsið var mjög vinsælt síðasta sumar og verður vonandi svo áfram í sumar.

## Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Orlofshúsið er um 52 m<sup>2</sup> að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri kaja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

## Orlofshúsið Lyngás 8 Grímsnesi



Í boði er stórt orlofshús, um 100 m<sup>2</sup> (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m<sup>2</sup> svefnloft með tveimur tvíbreiðum rúmum og einu einbreiðu rúmi. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt

frá Sogsvirkjunum. Athugið, myndin er ekki af rétta orlofshúsinu sem stéttarfélagin eru með á leigu en það er mjög svipað húsinu á myndinni.

## Orlofshús Ölfusborgum



Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m<sup>2</sup> með þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið.

## Porrasalir í Kópavogi



Stéttarfélagin munu taka í notkun í sumar fjórar glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Porrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar sem eru 80 til 100 fm verða afhendar félagunum 1. júlí. Í íbúðunum verða tvo herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur munu einnig fylgja íbúðunum. Íbúðirnar eru á góðum stað í Kópavogi, það er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa. Gangi afhendingartíminn ekki eftir verður umsækjendum boðið að dvelja á Freyjugötunni eða í Asparfellinu.

## Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausi brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.



## Hótelgisting á Fosshótelum

Félagsmönnum býðst gisting á Fosshótelum sem staðsett eru í Reykjavík, Reykholti, Húsavík, Dalvík, Laugum, við Hornafjörð, Skaftafelli og Hellu. Í boði er tveggja manna uppábúið herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn sjá sjálfir um að bóka gistinguna og kaupa síðan gistiávisun á Skrifstofu stéttarfélaganna.

- Almennt verð fyrir gistinóttina er kr. 6.000 með niðurgreiðslu.
- Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum.
- Aukarúm kostar kr. 5.000 með morgunmat.
- Frá 1. júní til 31. ágúst þarf að greiða með 2 gistimiðum fyrir hverja nótt á Fosshótelum.

**FOSSHOTEL**

## Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum býðst gisting á 12 Edduhótelum sem staðsett eru um allt land. Hótelin eru: ML Laugarvatni, IKI Laugarvatni, Skógar, Nesjaskóli, Neskaupsstaður, Egilsstaðir, Akureyri, Stórutjarnir, Vík, Laugarbakki, Sælingsdalur og Ísafjörður.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávisun fyrir uppíbúið tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelid leggur til dýnur. Félagsmenn fá góðan afslátt og að auki niðurgreiða stéttarfélagin hverja nótt um kr. 2.000,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er hjá einstökum hótélum eftir tímabilum.

Nánari upplýsingar á [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is)



## Gisting á Gistihúsi Keflavíkur

Stéttarfélagin hafa samið við Gistihús Keflavíkur/ Bed-Breakfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félagin hverja gistinótt um kr. 2.000,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Félagsmenn kaupa gistiávisun á skrifstofu stéttarfélaganna og bóka gistingu á gistihúsinu. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Boðið er upp á morgunverð frá klukkan 04:30 alla daga. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalinn í verði. Nánari upplýsingar á [www.bbkeflavik.com](http://www.bbkeflavik.com)



## Úthlutun orlofshúsa

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimsíðu félaganna [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is). Umsóknnum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 10. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

## Gisting á Hótel Keflavík

Félagsmönnum býðst ódýr gisting á Hótel Keflavík, sem er góður kostur fyrir þá sem eru að ferðast um Keflavíkurlugvöll.

Félagsmenn kaupa gistiávisun á skrifstofu stéttarfélaganna og bóka gistingu á hótelinu. Í boði er einmennings-, tveggja manna- og fjölskylduherbergi. Félögin niðurgreiða einnig gistinóttina um kr. 2.000 fyrir hvern fullgildan félagsmann.

Morgunverður er veittur árla morguns fyrir gesti hótelsins sem þurfa að fara snemma í flug og er þeim síðan boðinn akstur á flugstöðina og geymsla á bílnum meðan dvalið er erlendis endurgjaldslaust.

Nánari upplýsingar á [www.hotelkeflavik.is](http://www.hotelkeflavik.is)



## Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gistingu á farfuglaheimilum en þau eru 36 og staðsett um allt land.

Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng, kodd, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Gistiávisanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Verð kr. 1200,- með afsl. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla [www.hostel.is](http://www.hostel.is) eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.



## Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.

## 15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður er farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

## Miðar í Hvalfjarðargöng til sölu

Stéttarfélagin hafa til sölu miða í Hvalfjarðargöngin fyrir félagsmenn. Verðið per. miða er kr. 650,-. Félagsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar fá miðana á sama verði hjá skrifstofu félagsins á Þórshöfn

## Tjaldstæði niðurgreidd

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 12.000,-.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagismaður sé í a.m.k. 50% starfi, sé fullgildur félagismaður og hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 6 mánuði

## Sama leiguverð milli ára

Stéttarfélagin hafa ákveðið að hafa sama verð á orlofshúsum til félagsmanna milli ára. Það er kr. 20.00 fyrir vikuna. Þannig vilja félögin koma til móts við félagsmenn og auðvelda þeim að njóta þess að fara í sumarfrí með fjölskyldum sínum. Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalengt að félögin þurfi að greiða um 50 til 60.000 í leigu fyrir vikuna. Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar að hafa húsin á leigu. Þannig niðurgreiða stéttarfélagin hverja viku niður fyrir félagsmenn um allt að 40.000 kr. per. viku.

## Afsláttarkjör á bílaleigubílum

Stéttarfélagin hafa samið við Bílaleigu Húsavíkur um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á bílaleigubílum fyrirtækisins í Reykjavík. Um er að ræða 15% afslátt frá listaverði. Stéttarfélagin og Bílaleiga Húsavíkur gerðu þennan samning til að auðvelda fólki sem nýtir sér flug frá Húsavík eða Akureyri að ferðast um höfuðborgarsvæðið í þægilegum bílum frá bílaleigunni. Þegar menn panta bíla hjá Bílaleigu Húsavíkur er nóg að þeir gefi upp að þeir séu félagsmenn í Framsýn, Þingið, Starfsmannafélagi Húsavíkur eða Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Þá er þessi góði afsláttur í boði fyrir félagsmenn.

## Söguferð um Fjörður

Stéttarfélagin standa fyrir sögu- og gönguferð í Fjörður laugardaginn 11. ágúst. Um er að ræða dagsferð. Farið verður frá Húsavík með rútu kl. 08:00 að Grýtubakka í Höfðahverfi. Þaðan verður farið áfram með rútnu yfir Leirdalsheiði til Hvalvatnsfjarðar. Þar reimum við á okkur gönguskóna og höldum í rölegheitunum yfir hálsana til Þorgeirsfjarðar. Áætlað er að það taki um einn og hálfan tíma að ganga hvora leið en um er að ræða þægilega og fallega gönguleið við flestra hæfi. Grillað verður við Þönglabakka í Þorgeirsfirði sem er gamalt prestsetur. Með í för verður sagnaþulurinn Björn Ingólfsson frá Dal við Grenivík. Leiðangurstjóri og burðardýr verður Aðalsteinn Á. Baldursson. Áætluð heimkoma til Húsavíkur er um kl. 19:00. Skráning og frekari upplýsingar um ferðina er hægt að nálgast á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þátttökugjaldið er kr. 2.500,- fyrir félagsmenn. Ekki missa af þessari einstöku ferð undir leiðsögn Björns Ingólfssonar sem er hafsjór af fróðleik um svæðið. Þá eru ótrúlega margir ættaðir frá þessu svæði.



Fagurt er í fjörðum, þá skaparinn gefur veðrið blítt...



## Golfkort í boði

Stéttarfélagin hafa gengið frá afsláttarkjörum fyrir félagsmenn á 31 einum golfvelli víða um land sumarið 2012. Á þessari heimasíðu má sjá hvaða velli eru í boði: [www.golfkortid.is](http://www.golfkortid.is). Golfkortin eru til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Einstaklingskort: 7.000 krónur  
Fjölskyldukort : 11.000 krónur.

Um er að ræða frábæran kost fyrir golfspilara þar sem hægt er að spila allt að sex hringi á hverjum velli sem gerir allt að 180 hringi innan ársins, og að sama skapi ef fjölskyldukort er keypt þá gildir það fyrir tvo fullorðna ásamt tveimur börnum 16 ára og yngri.

Hvað veitir Golfkortid?  
Frían aðgang að 31 golfvelli  
Allt að 186 golfhringi á ári  
Allt að 6 hringi á hverjum velli  
Þú spilar meira og sparar



## Syngjandi gestir!!

Að venju komu mörg syngjandi börn í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna á Óskukdaginn. Hér koma nokkrar myndir sem teknar voru af syngjandi börnum sem heilsuðu upp á starfsmenn stéttarfélaganna.



## Velferðarsjóðurinn mikilvægur samfélaginu

Fyrsti aðalfundur Velferðarsjóðs Þingeyinga var haldinn á Húsavík 14. febrúar síðastliðinn. Ingólfur Freysson, fráfarandi stjórnarmaður Velferðarsjóðsins, gerði grein fyrir starfsemi og tilurð sjóðsins þau ár sem hann hefur starfað. Í máli hans kom m.a. fram að eftir hrunið 2008 hafi fulltrúar ýmissa stofnana og félagasamtaka í Norðurþingi, Rauða krossins, Þjóðkirkjunnar, félagsþjónustu, kvenfélaga, verkaldsfélaga og fleiri komið saman til að fara yfir stöðu fólks í samfélaginu. Í framhaldi af því hafi verið sett á lagginnar Velferðarvakt aðila er koma að velferð fólks í Þingeyjarsýslum. Vaktin vann að söfnun upplýsinga og samræmingu aðgerða til styrktar þeim sem verst urðu úti fyrir áhrif hrunsins og hélt reglulega fundi frá árinu 2008 til 2011. Jafnframt var stofnaður Velferðarsjóður sem opnaði reikning fyrir söfnunarfé í desember 2008. Söfnunarféð hefur komið að mjög góðum notum frá upphafi og gagnast þeim vel sem hafa þurft á fjárhagslegri aðstoð að halda. Aðstoðin hefur verið í formi styrkja, matarkorta og matargjafa. Stjórn Velferðarsjóðsins hefur unnið eftir ákveðnum úthlutunarreglum. Fyrsta stjórn sjóðsins var skipuð, Freydísi J. Freysteinsdóttur, félagsmálastjóra Norðurþings, Ingólfi Freyssyni formanni Rauðakrossdeildar Húsavíkur og nágrennis og Sighvati Karlssyni, sóknarpresti Húsavíkur. Stjórnin starfaði einnig sem úthlutunarnefnd. Þórhildur Sigurðardóttir tók við sem fulltrúi Rauðakrossdeildar í úthlutunarnefnd þegar Ingólfur hætti 2011 og Dögg Káradóttir félagsmálastjóra Norðurþings tók við af Freydísi í nefndinni sama ár. Flestar umsóknir um styrki úr sjóðnum hafa verið í desember ár hvert en dregið hefur úr þeim yfir sumarið. Gert hefur verið átak í málefnum sjóðsins með því að afla fjár og fastra stuðningsaðila. Öll vinna vegna sjóðsins hefur verið unnin í sjálfboðavinnu. Í lok síns máls lýsti Ingólfur Freysson yfir ánægju sinni með þróun sjóðsins, lagði áherslu á opna umræðu og upplýsingar til almennings um sjóðinn og þakkaði samstarf undanfarin ár.

Á aðalfundinum voru samþykkt ný lög fyrir sjóðinn auk þess sem úthlutunarreglurnar eru í stöðugri endurskoðun. Jafnframt voru lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir árin 2008- 2009- 2010 og 2011 sem voru samþykktir samhljóða. Tillögur að skipan stjórnar voru bornar upp og samþykktar með lófaklappi: Formaður; Örnólfur Jóhann Ólafsson sóknarprestur á Skútustöðum. Meðstjórnendur; Sara Hólm frá Kvenfélagasambandi Suður- Þingeyinga og Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Framsýnar- stéttarfélags. Varamenn í stjórn; Ásta Laufey Þórarinsdóttir frá Kvenfélagi Pistilfjarðar og Sif Jónsdóttir frá Kvenfélagasambandi Suður- Þingeyinga. Félagsglegir skoðunarmenn reikninga; Guðlaug Gísladóttir og Ingólfur Freysson frá Rauðakrossinum. Endurskoðandi reikninga Svava Björg Kristjánsdóttir. Fundurinn fór vel fram og töluverðar umræður urðu um starfsemi sjóðsins, úthlutunarreglur og mikilvægi sjóðsins fyrir samfélagið í Þingeyjarsýslum.



# Við bjóðum góðar fram tíðarhorfur



## Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur eða frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Hann ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

Við bjóðum  
góða þjónustu